

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega
verndun fiskimiða landgrunnsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „innan endimarkna landgrunnsins“ í 1. málslíð 1. málsgreinar 1. gr. laganna komi orðin: eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 1 000 000.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem hafi það að markmiði að kanna hagkvæmni og aðstæður til að koma á fót og reka verksmiðju til að framleiða fiskkassa, flutningspalla og aðrar sambærilegar vörur úr plasti, og stuðla að því, að slíkt fyrirtæki verði stofnað.

2. gr.

Til aðildar að stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, innlenda, sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara kosnum af hluthöfum.

Leggi ríkissjóður fram hlutafé í félagið, sem nemur fjórðungi til helmings þess, skipar ráðherra einn mann í stjórn, og leggi ríkissjóður fram meira en helming hlutafjár, skipar ráðherra tvo menn í stjórn. Á sama hátt fer um varamenn.

4. gr.

Hlutafélagið skal taka við þeim athugunum, sem iðnaðarráðuneytið hefur látið gera um hagkvæmni í notkun fiskkassa og á starfsgrundvelli verksmiðju til framleiðslu á fiskkössum, og halda þeim athugunum áfram. Verði niðurstaða þessara athugana jákvæð, er félaginu heimilt að gera hvers konar ráðstafanir til undirbúnings því, að hefjast megi handa um byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Stefnt skal að því að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur þeim aðila eða aðilum, sem takast verkefnið á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgreiddan.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan, að leggja fram 10 millj. kr. sem hlutafé í félagi skv. 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.

6. gr.

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs skv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélags skv. 1. gr., án tillits til ákvæða 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum sömu málsgreinar. Sama máli gegnir um fjölda hluthafa þess, sbr. 38. gr. hlutafélagalaganna.

Stjórnendur þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. töluliðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

7. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi skv. 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.